



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Sigurður Ingi Jóhannsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu

Reykjavík 19. nóvember 2020

2011042SA TP
Málalykill: 01.61

Efni: Greining á kostum þess að sameina fasteignahluta Þjóðskrár við gagnasafn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Í umsögn haustið 2019 um frumvarp til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS sem til varð með samruna Íbúðalánasjóðs og Mannvirkjastofnunar) benti sambandið á að fyllsta ástæða væri til þess að kanna frekari sameiningar opinberra aðila sem koma að húsnæðismáium.

Út frá samlegðaráhrifum var sérstaklega tiltekið að rekstur og ut anumhald fasteignaskrár á vegum Þjóðskrár ætti nána samleið með húsnæðisgrunni / gagnasafni nýrrar stofnunar. Var talið ljóst að margvíslegir hagræðingarmöguleikar væru til staðar sem nýta mætti auk þess sem aukin skilvirkni gæti náðst með öflugri innleiðingu stafrænnar stjórnsýslu á sviði mannvirkjamála. Lögð er áhersla á að nánari skoðun á samlegðarmöguleikum sé í anda góðrar samvinnu sem sveitarfélögin hafa átt við Þjóðskrá í gegnum tíðina, m.a. í gegnum fulltrúa sinn í stjórn stofnunarinnar sem áður starfaði. Sambandið hefur mikla og góða reynslu af samstarfi við stjórnendur Þjóðskrár og væntir þess að svo verði áfram þrátt fyrir þessa hugsanlegu breytingu.

Í framhaldi af fundi með félagsmálaráðherra í síðustu viku fer sambandið þess á leit að félagsmálaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti setji sameiginlega - og sem fyrst - af stað vinnu við að kanna kosti þess að flytja fasteignaskrá yfir til HMS.

Það er skýr afstaða sambandsins að slíkur tilflutningur skapi möguleika á hagræðingu í þágu heildarhagsmuna. Einsýnt er sveitarfélögin muni getið notið þeirrar hagræðingar með lækkun tilkostnaðar sem þau bera í núverandi fyrirkomulagi. Jafnframt myndi tilflutningurinn og sameining verkefna á einni hendi styrkja innleiðingu á stafrænni stjórnsýslu með því að umsjón verkefna væri ekki skipt á milli fleiri ríkisstofnana eins og nú er. Þá felast í breytingunni margvísleg tækifæri sem nýta mætti til þess að efla starfsemi hins opinbera á landbyggðinni m.a. í gegnum tilkomu starfa án staðsetningar sem rækt væru í stöðugt vaxandi mæli með rafrænum hætti.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Samrit: Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra